

# Fréttabréf AFLs

4. tbl. 2021

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



## Kjaramál

# Stefnir í verkfall sjómanna?

Viðræðum Sjómannasambands Íslands við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hefur verið slitid enda árangur þeirra enginn. Sjómannasambandið vísadi kjaradeilunni til ríkissáttasemjara í vor í von um að verkstjórn hans gæti orðið til að þoka málum áfram – en án árangurs.

### Kröfur sjómanna hafa helst verið þessar:

1. Að kauptrygging og aðrir launaliðir hækki í takt við það sem samið var um í almennum kjarasamningum 2019 og að kauptrygging myndi eftirleiðis breytast eins og á almenna markaðnum.
2. Að skiptahlutfall verði fest í 71% og olúviðmið fari út.
3. Að móttframlag útgerða í lífeyrissjóð verði 11,5% – eða hækki um 3,5 prósentustig. Það er í samræmi við breytingar hjá öllum öðrum launþegum á síðsutu árum.
4. Að stærðarviðmið í kjarasamningi breytist úr brúttórúmllestum í lengdarmetra.
5. Staðlað samningseyðublað um fiskverð á uppsjávarskipum, upplýsingagjöf til Verðlagsstofu bætt vegna frystiskipa og nokkur önnur atriði sem tengjast fiskverði.

Sjómenn buðu 6 ára samning með þessari kröfugerð. SFS hefur alfarið hafnað kröfum sjómanna en gert gert tilboð (kröfu) um 70% skiptahlutfall, nýsmiðaákvæði verði breytt og endurnýjað og að sjómenn greiddu þriðjung af kostnaði við slysatryggingu. Að auki hafa útgerðarmenn verið með kröfu



Atkvæði greidd hjá AFLi um síðasta kjarasamning sjómanna.

um lækkan slysabóta við örorku undir 15% og þátttöku sjómanna í veiðileyfagjaldi.

Það ber því mikið á milli aðila og er fátt annað í stöðunni fyrir sjómannafélögin en að kanna vilja félagsmanna til verkfalla.

### Sjómannasambandið stendur eitt

Framkvæmdastjórn Sjómannasambandsins hefur lagt áherslu á að Sjómannasambandið standi eitt í samningagerð og hafnaði samvinnu við Sjómannafélag Reykjavíkur, Sjómannafélag Grindavíkur og VM. Er það ekki síst í ljósi reynslu af verkfalli sjómanna 2016–2017. Þá var fyrst skrifað undir samning í samfloti allra þessara félaga og SSÍ um miðjan nóvember en strax samdægurs tóku forystumenn

þessara félaga (þeir hinir sömu og höfðu undirritað samninginn) að berjast fyrir því að hann yrði felldur sem varð og raunin. Í kjölfarið varð síðan langvinnt og kostnaðarsamt verkfall sem ekki lauk fyrr en síðla í febrúar.

Árangur þessa langvinna verkfalls var rýr þegar lítið er til kostnaðar sjómanna af vinnudeilunni. Dæmi eru um að sjómenn innan AFLs hafi orðið af milljónum króna í aflahlut á þessum tíma. Í þeirri deilu kom einnig í ljós að þau félög sem gefa afslátt af félagsgjöldum félagsmanna sinna (gul félög) áttu takmarkaða verkfallsjóði og það hafði áhrif á samningsstöðu okkar.

### Þörf á álitum félaga

Það má þó búast við því þegar einhver samningsdrög fara að birtast,

sem vonandi verður í næsta mánuði – að öll spjót muni standa á forystu Sjómannasambandsins og umræða á samfélagsmiðlum verði hörð. Það er því rík ástæða til að hvetja sjómenn í AFLi til að fylgjast vel með umræðu og taka þátt í starfi okkar ef til verkfalls kemur og kjósa síðan um samninga með hliðsjón af eigin hagsmunum en ekki þess sem hæst bylur á samfélagsmiðlum.

Við verðum að gera þá kröfu til forystumanna að þeir skrifi ekki undir kjarasamning nema þeir meti hann ásættanlegan á því augnabliki sem hann er gerður – og að þeir treysti sér til að mæla með honum við félagsmenn sína. Þeir forystumenn sem ekki treysta sér til þess – eiga að sjálfsgöngu ekki að gera slíka samninga.

## Heilbrigðismál eru dauðans alvara

Heilbrigðiskerfið á Íslandi glímir nú við afleiðingar langvarandi fjársveltis og lítillar fjárfestingar í innviðum og afleiðingarnar bitna helst á tekjulágu launafólki – enda hefur einkarekstur í heilbrigðisþjónustu aukist samfara sveltis hins opinbera

heilbrigðiskerfis.

Fram kemur í skýrslu ASÍ að lífslíkur vel menntaðra einstaklinga hafa lengst síðustu ár en lífslíkur fólks með grunnskólamenntun eða minna hefur staðið í stað. Þetta þýðir með öðrum orðum að lífslíkur

okkar fara eftir stöðu í samfélagi, menntun og tekjum og það er ólíkandi.

Það hefur ítrekað komið fram í könnunum að vilji íslensku þjóðarinnar stendur nær óskiptur til þess að hið opinbera heilbrigðiskerfi

verði eflt og að þegar landsins standi jafnfætis þegar kemur að því að fá þjónustu. Sú þróun sem nú er hafin í einkavæðingu stefnir öll í aðra átt og í átt að meiri ójöfnuði í heilbrigðismálum.

# Það er nóg til – en því er misskipt

Auðugustu 10% þjóðarinnar eiga meira en helming allra eigna landsins eða 56%. Þau 10% þjóðarinnar sem eru fátækust hafa neikvæða eignastöðu uppá 3%.

Í raun er það svo að um helmingur þjóðarinnar á engar eignir – þ.e. eignaminnstu 50% einstaklinga eru samtals með neikvæða eignastöðu upp á –2% á meðan auðugustu 40% þjóðarinnar eiga 90% allra eigna.

Tekjudreifing er með svipuðum hætti. 10% tekjuhæstu einstaklinganna eru með 31% allra launa landsins en tekjulægstu 10% er með 1% af launum landsins. Tekjuhæstu 30% einstaklinga skipta með sér 60% allra launa sem greidd eru út. Þessi gögn eru úr skýrslu Alþýðusambandsins „Skattar og ójöfnuður“ sem er nýkomin út.

Alþýðusambandið byggir tölur sínar á upplýsingum frá skattstofunni og fær upplýsingar um alla skattgreiðendur – einnig ungmenni sem stunda sumarvinnu með námi eða eru í hlutastörfum.

Búast má við að eignir auðugasta 10% þjóðarinnar séu jafnvel enn meiri þar sem hlutabréfaeign er metin á nafnvirði og kemur ekki inn

á raunvirði fyrir en bréfin eru seld. Þá eru það aðallega þeir alríkustu sem geyma fé á aflandseyjum – en búast má við að allt að 8% allra eigna séu geymd á aflandseyjum í þeim tilgangi að leynd þeim og svikjast um að greiða af þeim skatta. (OECD 2018)

## Gini-stuðull Hagstofunnar

Gini-stuðull Íslands skv. Hagstofunni var um það bil „24“ fyrir þremur árum eða 2018 (síðustu tölur sem Hagstofan birtir). Hagstofan og Alþýðastofnanir nota aðra aðferð en Alþýðusambandið. Hagstofan byggir á fjölskyldutekjum sem koma fram í úrtaksrannsókn. Þar er horft framhjá t.d. ungmenni í hlutastörfum og útreikningar byggja á fjölskyldutekjum.

Bæði Alþýðusambandið og Hagstofan mæla tekjur eftir skatta og millifærslur – t.d. barnabætur og aðrar bætur en Alþýðusambandið metur söluhagnað eigna sem Hagstofan gerir ekki. Þess vegna er mikill munur á Gini-stuðli sem Hagstofan reiknar og Gini-stuðli sem Alþýðusambandið reiknar.


Búast má við að ójöfnuður hafi vaxið talsvert á síðasta ári með

miklu atvinnuleysi samfara Covid faraldrinum.

## Hvað er Gini-stuðull?

Gini-stuðull birtir dreifingu á

Alþýðastofnanir (s.s. Alþýðabankinn og OECD) reikna Gini-stuðul skv. fjölskyldutekjum og byggja á „lífskjaraúrtaksrannsókn“ á meðan Alþýðusambandið skoðar



AFL Starfsgreinafélag – heimild Hagstofa Íslands

launum milli tekjutíunda (10% þjóðarinnar eru í hverri tíund.) Ef einn einstaklingur fengi öll laun í landinu væri Gini-stuðullinn = 100. Ef allir í landinum fengju nákvæmlega sömu laun væri Gini-stuðullinn = 0.

Því lægri sem stuðullinn eru kjör fólks jafnari. Því hærra sem stuðullinn er – er meira launabil.

tekjur allra framteljenda og birtir stuðul einstaklinga en ekki fjölskyldna.


Gini-stuðull Evrópuríkja er almennt frá ca. 26 og um og yfir 32. Hæsti Gini-stuðullinn í Evrópu er á Ítalíu og í Serbíu 35 – 36 en í Bandaríkjunum er hann um 40. Lægsti Gini-stuðullinn í Evrópu er í Slóveníu og Tékklandi – eða um 24, samkvæmt tölum Alþýðabankans.

Hvorki aðferð Hagstofunnar né Alþýðusambandsins er réttari en hin. Þetta eru bara tveir mælikvarðar sem mæla kjör þegna landsins á sama hátt og „tommustokkur“ mælir lengd hluta ýmist í tommum eða sentímetrum. Það sem skiptir mestu máli varðandi túlkun þessara niðurstaða er hvernig þróun þeirra er yfir tíma – þ.e. hvort ójöfnuður eykst eða minnkar.

Á mynd 2 sést greinilega að ójöfnuður fjölskyldna á landinu var mestur 2009 og hafði þá vaxið síðustu ár. Ójöfnuður hefur síðan vaxið frá 2014 og var mestur 2017. Ekki liggja fyrir áhrif Covid 19 og fjöldaatvinnuleysis á Gini-stuðul en reikna má með að hann ójöfnuður hafi vaxið talsvert síðustu misseri.

## Mynd 1. Hlutdeild einstakra tíunda af heild, 2020

Miðað er við ráðstöfunartekjur og hreina eign fjölskyldna.



Heimild: Hagstofa Íslands, útreikningar ASÍ.

Úr skýrslu Alþýðusambands Íslands

## Nýtum kosningaréttinn til góðs

Um þessar mundir hafa landsmenn meiri aðgang að vongóðum frambjóðendum, þingmönnum og ráðherrum en yfirleitt – enda eru stjórnámálameðmenn nú á yfirreið um landið til að afla fylgis. Það er því mikilvægt fyrir launafólk að nota tækifærið og kynna sér stefnuskrá flokkanna og rekja garnir úr frambjóðendum þar sem unnt er.

Launafólk getur til dæmis spurt frambjóðendur um stefnu í

skattamálum og heilbrigðismálum og hvernig þeir vilji vinna að auknum jöfnuði meðal landsmanna.

Ef við viljum ná árangri í kjarabaráttu – er mikilvægt að sem flestir nýti atkvæðisrétt sinn og kjósi þá frambjóðendur eða flokka sem þeir telja að vilji vinna að sem bestum kjörum launafólks.

Eins og fram kemur hér á síðunni – er þróun í heilbrigðismálum nú í átt að aukinni einkavæðingu

í þjónustu og þar með fá þeir efnameiri forgang að þjónustu – er það eitthvað sem við viljum setta okkur við?

Skattkerfið hygðir þeim sem taka tekjur sínar sem fjármagnstekjur umfram launafólk. Samfara þessu verða sveitarfélög af miklum útsvarstekjum. Er þetta eitthvað sem við viljum setta okkur við?

Innan vébanda AFLs eru einstaklingar úr öllum

stjórnámálaflokkum og AFL hefur enga skoðun á flokkastjórnámálum. AFL er hins vegar „félagshyggjuafll“ eins og eðli verkalyðsfélaga er. Við höfum enga skoðun á því hvaða stjórnámálaflokka okkar félagsmenn kjósa – en hvetjum félagsmenn til að nýta atkvæðisrétt sinn samfélaginu öllu til góða.



X2021

## „Kosningarnar snúist um það sem skipti launafólk mestu máli“

**Alþýðusamband Íslands hefur undanfarna mánuði lagt vinnu í að skilgreina áherslur launafólks fyrir komandi þingkosningar og krefja framboðin svör við þeim atriðum sem skipta mestu máli. Forseti ASÍ telur málfutning sambandsins hafa fengið góðar undirtektir.**

„Markmið okkar hefur verið að láta stjórn málin snúast um það sem skiptir launafólk mestu máli. Til þess fórum við strax af stað í vor með herferðina okkar „Það er nóg til“. Við höfum hamast við að koma málunum á dagskrá og knýja flokkana svara þannig okkar félagsmenn séu upplýstir um hverjir gæti þeirra hagsmuna á þingi.

Mín tilfinning er að okkur hafi orðið nokkuð ágegn við að koma þessum málum á dagskrá. Við höfum fundið í stefnuskrám flokkanna að þeir hafa kynnt sér okkar stefnu, jafnvel tekið hana upp orðrétt,“ segir Drífa Snædal, forseti ASÍ.

### Öruggt húsnæði á viðráðanlegum kjörum

Hún segir áherslum ASÍ skipt upp í fimm megin flokka. Í fyrsta lagi að tryggja almenna afkomu fólks innan og utan vinnumarkaðar, í öðru lagi húsnæðismál, þriðja lagi heilbrigðismál, fjórða lagi fræðslumál og sjötta lagi jöfnuð. Áherslurnar byggja meðal annars á samtölum við formenn og aðra fulltrúa verkalyðsfélaga um allt land um hvað brynni helst á þeirra félagmönnum.

Síðan eru skilgreind undir- markmið, sem í einhverjum tilfellum skarast. Drífa nefnir að yfirlýst stefna

ASÍ sé að fólk greiði ekki meira en 30% tekna sinna í húsnæði. Eins sé lögð áhersla á að fólk búi við tryggt húsnæði á viðráðanlegum kjörum. „Við teljum að markaðurinn leysi ekki málið til lengri tíma og því þarf að styrkja félagslegar lausnir. Allir flokkar hafa lýst sig reiðubúnar til þess, sem er töluverður árangur.“

### Hægt að dreifa skattbyrðinni betur

Drífa segir að í heilbrigðismálunum sé aðgengi að þjónustu stóra málið utan höfuðborgarsvæðisins. Þess vegna sé krafa á að auka þjónustu á grunnstigi og tryggja fjárhagslegan stuðnings sem þurfi út fyrir heimahagana eftir þjónustu. „Við höfum líka varað við arðvæðingu í kerfinu, að hleypa fjármagnsöflunum ekki að til að græða. Okkar áhersla er á öflugt, óhagnaðardrifið opinbert kerfi. Hver skoðanakönnunin á fætur annarri hefur sýnt að þjóðin er sammála okkur um það en stjórn málin hafa róid í aðra átt sem er áhyggjuefni.“

Jöfnuðurinn snýst um hvernig skattkerfið er notað en ASÍ sendi í síðustu viku frá sér skýrslu um veikleika í íslensku skattkerfi. „Hún sýnir að auðvelt er að dreifa skattbyrðinni jafnan en í dag. Það er hægt að gera með auðlindagjöldum í víðu samhengi og stóreignaskatti. Síðan eru glufur í kerfinu þannig fólk getur reiknað launatekjur sem fjármagnstekjur sem verður til þess að bæði ríki og ekki síst sveitarfélög verða af tekjum.“

Ríkissjóður hefur verið rekinn með miklu tapi eftir að Covid-faraldurinn skall á. Drífa leggur áherslu á að synd

verði þolinmæði við að ná jafnvægi á ný. „Við þurfum þolinmæði til að skulda kreppuna í einhver ár frekar en ráðast í stórfelldan niðurskurð á innviðum eða þjónustu á næsta kjörtímabili.“

### Hvernig hefur ríkisstjórnin staðið sig?

Fimm ríkisstjórnir hafa setið frá árinu 2007, af þeim er núverandi ríkisstjórn önnur til að þrauka heilt kjörtímabil. Drífa segir margt hafa áunnist í hennar tíð en einnig hafi mál dagað uppi. Lífskjarasamningarnir, sem undirritaðir voru í byrjun apríl 2019, settu töluvert mark á kjörtímabilið. „Við lögðum línuna fyrir kjarasamningana með vinnu í húsnæðismálum og áherslu á að sett yrði meira fjármagn í almenna íbúðakerfið. Það stóðst sem er vel. Ýmislegt fleira hefur verið gert í húsnæðismálunum, svo sem hlutdeildarlán fyrir fyrstu kaup auk þess sem lækkun vaxta hefur skipt töluverðu máli.

Á móti olli það vonbrigðum að ný lög um húsaleigu urðu ekki að veruleika þótt frumvarp um þau væri tilbúið. Með þeim hefði réttarstaða leigjenda verið tryggt og settar kröfur um að leigusalar sýndu fram á nauðsyn ef hækka á leigu.

Á kjörtímabilinu var komið á þriggja þrepa skattkerfi, gefið í barnabætur, sem var eitt af skilyrðum kjarasamninganna og fæðingarorlofið lengt. Þetta voru framfaraskref. Á móti höfum við varað við því í nokkur ár að tekjustofnar hefðu verið veiktir. Því fengjust ekki þær tekjur sem þarf til að reka þjóðarþúið auk þess sem ekki

væri til fyrir áfalli, eins og kom í ljósi.

Heilsugæslan hefur verið styrkt sem fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu og komugjöld lækkuð. Að einhverju leyti hefur fjármagn verið bætt í kerfið. Við búum hins vegar við að þjónustunni er mjög misskipt eftir svæðum og öldrunarþjónusta hefur ekki verið byggð upp eins og lá fyrir að þyrfti. Við erum heldur alls ekki sátta við að öldrunarþjónusta hafi verið sett í hendur arðvæddu fyrirtæki.

Við höfum þrýst á réttlát umskipti, það er að mótvægisadgerðir séu til staðar þannig fólk haldi afkomu sinni þegar breytingar verða á atvinnuháttum, svo sem vegna tækni- eða loftslagsbreytinga. Það var mikil framför þegar tímabil tekjutengdra atvinnuleysisbóta var lengt úr þremur mánuðum í sex og bæturnar hækkaðar aðeins.

En síðan eigum við eftir risamál eins og kjör öryrkja. Okkur hefur ekki tekist að bæta úr þeim svo sómi sé að“ segir Drífa.

### Enginn skilgreindur verkamannaflokkur

Víða í löndunum í kringum okkur eru sterk tengsl stjórn mála og verkalyðshreyfingar, eins og verkamannaflokkar eru dæmi um. Þar eiga félögin jafnvel sæti í stjórn flokkanna og öfugt. Hlutirnir eru ekki þannig hérlendis sem Drífa telur kost.

„Ég hef fylgst með þessu á Norðurlöndunum þar sem flokkarnir hafa reynt að ná tókum inni í verkalyðshreyfingunni og þá er hætta við að þeir sem styðja aðra flokka fjarlægist hana. Þess vegna hef ég álitnið það styrk að vera ekki bundin ákveðnum flokki. Eins og fleira á Íslandi byggir samstarf stjórn málamanna og verkalyðsforustunnar á persónulegu trausti, sem er ágætt á góðum degi.“

Að ekki sé skilgreindur flokkur almenns launafólks hefur ekki þau áhrif að aðrar stéttir, til dæmis menntastéttir á borð við lögfræðinga, auki umsvif sín á Alþingi. „Ég upplifi meiri fjölbreytileika á Alþingi nú en oft áður til dæmis hvað varðar kynjahlutfall og aldurssamsetningu sem mér finnst gott.“

Þá er forustufólk úr verkalyðshreyfingunni víða virkt í flokkspólitísku starfi, ýmist í trúnaðarstörfum eða jafnvel ofarlega á framboðslistum. Drífa telur það ekki vandkvæði. „Mín skoðun er að það eigi ekki að hefta neinn í pólitísku starfi og ef þú ert framarlega í verkalyðshreyfingunni ertu örugglega ekki skoðanalaus manneskja. Það hefur komið sér mjög vel að hafa innkomu í ólíka flokka þegar við þurfum að leggjast á pólitíkina.“

## Íbúðir og hús um jól og áramót

Úthlutun orlofsíbúða og orlofshúsa um jól og áramót er hafin. Félagsmenn sækja um á „mínum síðum“ á [www.asa.is](http://www.asa.is) en eignum er úthlutað jafnóðum og umsóknir berast. Ekki er tekið tillit til forgangsraðar enda hefur síðustu ár verið hægt að úthluta til allra sem þess hafa óskast.

Engu að síður er rétt að benda félagsmönnum á að bóka sem fyrst því einstaka eignaflokkar bókast fyrir en aðrir. Til dæmis eru fjögurra herbergja íbúðir á Akureyri bókaðar nú þegar og lítið er eftir af þeim í Reykjavík.

Úthlutað er frá 22. – 29. desember annars vegar, 29. desember – 5. janúar hins vegar. Þessi tímabil verða hvorki brotin upp né stytt. Greiða þarf 5.000 króna staðfestingargjald og er það

óendurkræft þó svo að fallið verði frá leigu síðar. Eindagi lokagreiðslu er fyrstu daga í desember.

Engin verðbreyting er á þessu tímabili og hefðbundið leiguverð er á íbúðum og húsum. Staðfestingargjaldið er hluti heildarleiguverðs.

Tilfni er til að vara félagsmenn við að leigja íbúðir í sínu nafni fyrir vini eða ættingja. AFL hefur eftirlit með notkun íbúðanna og ef félagsmáður er staðinn að því að leigja íbúð og dvelja ekki sjálfur í henni heldur ráðstafa henni til annarra – getur hann verið útlokaður frá leigu orlofskosta í framhaldinu auk þess sem félagið áskilur sér rétt til að innheimta „markaðsleigu“ fyrir íbúðina enda eru íbúðir félagsins sameign félagsmanna og einungis ætlaðar



Byrjað er að úthluta orlofsíbúðum AFLs um jól og áramót.

félagsmönnum og fjölskyldum þeirra.

Vinir eða ættingjar félagsmanna ættu að leita til eigin stéttarféлага

eftir orlofsíbúðum eða fara á hinn frjálsa markað til að finna sér gistingu.

## Er betri vinnutími - betri?

Í kjarasamningum nokkurra hópa, t.d. starfsfólk í heilbrigðisþjónustu, var í síðustu kjarasamningum samið um styttingu vinnutíma og fékk verkefnið vinnuheitíð „betri vinnutími“.

Mikil ólga er meðal starfsmanna t.d. í heilbrigðisþjónustu og virðist vera sem starfsfólk sé almennt ekki að upplifa nýja fyrirkomulagið sem „betra“. Þar er einkum þrennt sem veldur óánægju félagsmanna: Stytting vakta, 11 tíma hvíld er algjör skylda og 12 tíma vaktir aflagðar.

Sumar stofnanir hafa gripið til þess að stytta einstaka vaktir þannig að mætingar starfsmanna eru jafnmargar eða jafnvel fleiri

eftir breytingu og þær voru.

Þá hefur vinnuhópurinn „Betri vinnutími“ tekið upp á því að túlka kjarasamninga upp á nýtt, aðallega ákvæðið um 11 tíma hvíld. Í kjarasamningum er almenn ákvæði um að heimild sé til að hvíldartími sé minni en 11 tímar einu sinni í viku enda sé það þegar verið sé að snúa vöktum.

Í raun hefur þetta verið þannig að starfsfólk hefur komið á morgunvakt eftir kvöldvakt en með þessari nýju túlkun er heill frídagur á milli kvöldvakta og morgunvakta. Stór hluti af starfsfólki í heilbrigðisþjónustu er í hlutastörfum og fólk gat lokið vinnuvikunni á fjórum dögum þá

vikuna sem ekki voru helgarvaktir. Þ.e. tekið vaktir fyrstu 4 dagana og einu sinni á þessu tímabili snúið vöktum af kvöldvöktum yfir á morgunvaktir. Með þessari nýju túlkun tekur það fimm daga að ljúka fjórum vöktum með vaktasúningi.

Eins hefur vinnuhópurinn kynnt breytingar þannig að 12 tíma vaktir séu ekki hluti af góðum vinnutíma heldur eigi þær að vera á bilinu 6-9 klukkustundir.

Engar breytingar voru gerðar í texta lágmarkshvíldar og því ekkert af þessu þrennu kynnt við kynningar á kjarasamningum heldur hefur komið fram sem eftiráskýringar. Formaður AFLs hefur ítrekað vakið máls innan

samráðshóps samningsaðila um verulega óánægju meðal starfsmanna með þessa túlkun, með styttingu vakta og að búið sé að leggja bann við 12 tíma vöktum að því er virðist.

Loks má geta þess að framkvæmd sveitarfélaganna á vinnutímastyttingu dagvinnufólks er ekki í samræmi við það sem um var rætt og lítur félagið svo á að þar hafi sveitarfélögin rangtúlkað sér í hag ákvæði samningana og starfsmenn geti tekið upp viðræður á ný um útfærsluna á hverjum vinnustað fyrir sig þegar þeim sýnist svo.

## Endurnýjun húsa á Einarstöðum

Á næstu mánuðum verður unnið að endurnýjun húsa 16 og 19 á Einarstöðum en með þeirri framkvæmd verður lokið við endurnýjun allra húsa AFLs í neðri og efri hring. Einungis eru þá eftir þrjú hús á túninu sem enn eru í upphaflegu útgáfunni.

Næsta vetur verður farið í lagfæringar á þeim húsum en þau verða að öllum líkindum ekki lengd heldur endurnýjuð að innan í núverandi stærð.

Unnið er nú að endurnýjun á þökum á öllum orlofshúsum á Einarstöðum og með því átaki sem hófst fyrir um tíu árum síðan með

hitaveituvæðingu með klæðningu á göflum - byggðin að verða að mestu endurnýjuð og komin í mjög gott ástand.

Til stendur síðan að gera andlitslyftingu á bústöðum félagsins í Lóni og verða þá öll orlofshús félagsins í mjög ásætlanlegu ástandi eftir.



Frá framkvæmdum í orlofshúsunum á Einarstöðum.

## Undirverktakar á álverslóð

Starfsmenn fyrirtækja sem starfa sem undirverktakar ALCOA Fjarðaáls gerðu sérstakan kjarasamning 2015 eftir verkfallsátök til að knýja á um gerð samningsins. Í kjölfar þess

samnings voru síðan gerðir sex vinnustaðasamningar um kaup og kjör hjá þessum fyrirtækjum.

Þrátt fyrir ítrekuð erindi AFLs hafa ekki fengist viðræður um endurnýjun

eða endurskoðun þessara samninga og hefur erindum félagsins ekki verið svarað í flestum tilfellum.

Fyrir rösku ári sagði síðan AFL upp umræddum kjarasamningi og hefur

hann verið laus síðan. Nú fyrir nokkrum dögum bárust hins vegar svör frá Samtökum atvinnulífsins.

Ef samningaviðræður ekki fara í gang á næstu vikum er ljóst að félagið

mun ekki eiga annarra kosta vól en að vísa deilunni til ríkissáttasemjara og eftir atvikum boða til vinnustöðvana til að knýja á um viðræður.